

Hestamannafélagið Kjóavöllum

13. fundur, haldin föstudaginn 4.01.2013 kl. 12:00 í Hamraborg.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Hermann Vilmundarson og Ingibjörg G. Geirsdóttir að auki sat Unnar Björn Jónsson fundinn undir liðnum „Tímabundin ráðning starfsmanns“.

1. Reiðvöllur. Efni í brautir úr vellinum í Glaðheimum ónothæft sem efsta lag að mati Loftorku. Verður notað sem tímabundin lausn í vetur og fer í undirlag við endanlegan frágang brauta.
2. Lýsing á reiðvöll. Farið yfir minnisblað frá VERKÍS dags. 20.12.2012, Lýsing á nýjum gæðingavelli. Spurning um möstur eða ljósastaura. Mastralausnin er nokkru dýrari en hefur ýmsa kosti framyfir ljósastaura. Fara yfir með Guðna Eiríkssyni þegar hann kemur úr fríi. Meta kostnað og kosti beggja lausna til samanburðar og ákvörðunar.
3. Tímabundin ráðning starfsmanns. Á fundinn mætti Unnar Björn Jónsson. Ákveðið að hann verði ráðinn tímabundið í 5 mánuði, frá janúar til maí. Verktakalaun kr. 150.000 á mánuði. Hann mun sjá um skipulag og rekstur á reiðhöll og félagsheimili í samstarfi við nefndir félagsins.
 - a. Æskulýðsnefnd og Fræðslunefnd hafi forgang að tímum í reiðhöll virka daga á milli 17:00 og 21:00.
 - b. Atvinnumenn hafi aðgang að reiðhöll frá morgni til kl. 17:00 virka daga gegn föstu mánaðargjaldi.
 - c. Almennir félagar hafi aðgang um helgar og þegar tímar eru lausir síðdegis. Félagsmenn greiði hóflegt gjald fyrir aðgangsslykil.
 - d. Ákveðið að loka öllum rafrænum lykllum að reiðhöll til endurnýjunar á aðgangi.
 - e. Ákveðið að skipta um skrá á félagsheimili til endurúthlutunar á aðgangi.
 - f. Ákveðið að setja upp merkjaljós á reiðhöll sem sýni hvort hún sé upptekin/opin almennum félögum. (IGG)
 - g. Setja upp dagatal á heimasíðu félagsins (tímaskráningu) fyrir reiðhöll þar sem umsjónarmaður skrái námskeið og lausa tíma. (HIV)
 - h. Rekstri reiðhalla og félagsheimilis verði haldið sér. Opnaður verði sérstakur rekstrarreikningur sem UBJ hafi aðgang að. (GHL)
 - i. Gjaldskrá. Ákveða þarf gjald fyrir aðgang að reiðhöll. Seinasta vetur greiddu atvinnumenn kr. 15.000 á mánuði. Lagt til að það gjald verði óbreytt. Eftir að ákveða gjald fyrir almenna féлага.
4. Hattarvellir ehf. Ekki komið á hreint með VSK kvöð. Stefnt á að loka félaginu og flytja eignir og rekstur beint undir HK.
5. Uppgjör Andvara og Gusts gagnvart HK. HIV, IGG og GH gangi í málið. GH stofni nýjan reikning hjá Arionbanka.
6. Aðalfundur HK. Stefnt að því að halda aðalfund 29. janúar n.k.
7. Nafn á félagið. Nafnanefnd verði skipuð 5 fulltrúum, tveir frá hvoru gömlu félaganna, karl og kona. Að auki verði fenginn utanaðkomandi oddamaður í nefndina. Fram komu hugmyndir um nefndarmenn og verður haft samband við þá í framhaldinu.
8. Laganefnd. ÞS upplýsti um störf laganefndar félagsins og rædd voru nokkur atriði varðandi breytingar á núverandi lögum. M.a. félagsgjöld (í samræmi við gjöld til LH?), fjöldi stjórnarmanna og hvort kjósa skuli varamenn í stjórn, og fjölda félagsmanna sem þyrfti til þess að krefjast boðunar félagsfundar.

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 13:55

Fundargerð ritaði Guðmundur Hagalínsson